

**Nr. 061 / 16 Bára ÍS 48****Vélavana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7415  
Smíðaður: Trefjar 1995, Trefjaplast  
Stærð: 7,48 brl. 5,94 bt.  
Mesta lengd: 8,90 m Skráð lengd: 8,44 m  
Breidd: 2,69 m Dýpt: 1,75 m  
Vél: Perkins, 123 kW, árg.: 1995  
jöldi skipverja: 1



Bára@Mummi

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 16. júní 2016 var Bára ÍS 48 á handfæraveiðum í Nesdýpi út af Vestfjörðum. Veður: SA 2-3 m/sek.

Skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga og upplýsti að hann hefði misst allt vatn af vélinni og báturinn væri vélavana. Brynjar KE 127 dró bátinn áleiðis til lands og síðan tók Bibbi Jónsson ÍS 65 við drættinum til hafnar á Flateyri.

**Við rannsókn kom fram:**

- að kælivatnsdælan á vélinni fór að leka og var sett ný dæla;
- að skipstjórinn var með útrunnin atvinnuréttindi og engin var lögskráður á bátinn.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.